# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

1.0
———
1906

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.**

Reykjavík, 1. maí 1906.

Bygginganefnd Reykjavíkurkaupstaðar synjaði á fundi sínum hinn 5. ágúst f. á. Jóhannesi trjesmið Lárussyni um að reisa geymsluskúr syðst á lóð hans við Laugaveg, með því að skúrinn eins og hann var fyrirhugaður myndi eigi verða meira en ca 1 al. 20 þuml. frá framhlið á nágrannahúsinu (húsi Ingvars Ingvarssonar) og gjöra ómögulegt að koma slökkvitólum að því húsi. Þessa ályktun bygginganefndar samþykkti bæjarstjórn kaupstaðarins síðan á fundi sínum 18. s. m.

Þessari ályktun bæjarstjórnar hefur Jóhannes Lárusson samkvæmt ákvæðum laga nr. 17 frá 13. sept. 1901, 4. gr. áfrýjað til stjórnarráðsins og farið fram á það, að hún sje úr gildi felld og honum heimilað að reisa geymsluskúrinn á lóðinni, með því að hún sje nægilega stór til þess samkvæmt ákvæðum byggingarsamþyktar fyrir Reykjavík frá 7. sept. 1903, 14. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í umsögn sinni um kæru þessa hefur formaður bæjarstjórnarinnar fyrir hennar hönd í brjefi, dags. 23. okt. f.á., auk hinna framangreindu ástæðna fært þá ástæðu fyrir synjuninni, að væri geymsluskúrinn byggður, myndi vandkvæðin verða engu minni að koma slökkvitólunum að suðurhliðinni á húsi kærandans sjálfs, enda verði eigi betur sjeð en að varnir gegn eldsvoða sjeu samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839 3. gr. C. eitt meðal annars það, sem byggingarnefnd sje skylt og heimilt að taka til greina, þegar hún útvísar hússtæði. Ennfremur er það tekið fram í nefndu brjefi, að við nákvæmari uppmæling lóðarinnar hefði það komið í ljós, að kærandinn hefði ekki nægilega stóra lóð til geymsluskúrs-byggingarinnar samkvæmt 14. gr. byggingarsamþyktarinnar, en þetta atriði kemur ekki til úrskurðar í máli þessu, þar sem hjer er aðeins um það að ræða, hvort ástæða sje til að gjöra frekari kröfur viðvíkjandi geymsluskúrsbyggingu þessari en 14. gr. bygg-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingarsámþyktarinnar gjörir.

Jafnframt því að taka það fram, að ákvæði byggingarsamþyktarinnar frá 7. Sept. 1903 verður að taka til greina í þessu máli og að þau geta ekki talist að koma í bága við þau lagaákvæði, er bæjarstjórnin ber fyrir sig, verður að telja, að ástæður þær, er bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa farið fyrir synjuninni, sjeu ekki fullnægjandi, enda gjörir geymsluskúrinn ekki tiltakanlega meiri tálmun slökkviliðinu, heldur en veggur sá, sem byggður er á mörkunum milli lóða Karamlans og Ingvars Ingvarssonar. Bæjarstjórninni ber því að hlutast til um, að útmælt verði til geymsluskúrsbyggingar svo mikið svæði á lóð Karamlans, sem unnt er eptir gildandi ákvæðum um hlutfall milli byggðrar og óbyggðrar lóðar.

Þetta er yður, herra bæjarstjórnarformaður, hjermeð til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því sem við á, og eru jafnframt sendir hjermeð uppdrættir þeir, sem hingað hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borizt af skúrbyggingunni og lóðinni.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Til

formanns bæjarstjórnar Reykjavíkur-kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.**

Reykjavík, 20. desbr. 1906.

Jafnframt því að tilkynna, að veganefndin hafi ákveðið að leggja það til við bæjarstjórnina, að gjörð verði neðanjarðar skolpræsi á næsta ári í Kirkjustræti og Pósthússtræti, svo framarlega sem lóðareigendur við göturnar vilji leggja til verksins hæfilegan skerf, hefur nefndin spurt um, hve mikið landssjóður sem eigandi lóðanna nr. 14 við Kirkjustræti (Alþingishússins) og nr. 3 við Pósthússtræti (Pósthússins) vilji leggja til ræsanna.

Útaf þessu skal veganefndinni hjermeð til vitundar gefið, að stjórnarráðið fyrir landssjóðs hönd vill leggja fyrir Alþingishúsið 100 kr. — eitt hundrað krónur — til ræsisins í Kirkjustræti og 50 kr. — fimmtíu krónur — fyrir Pósthúsið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til ræsisins í Pósthússtræti.

H. Hafstein

Jón Hermannsson

Til

Veganefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.0
1908

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ungmennafélag Reykjavíkur

Háttvirta bæjarstjórn Reykjavíkur! Með brjefi dagsettu 4. desember 1907, fór Ungmennafélag Reykjavíkur, fram á það, að bæjarstjórn Reykjavíkur vildi veita því land undir skíðabraut, er gjörð væri úr trje - og sem nákvæmara var lýst í nefndu brjefi - og samkvæmt brjefi bæjarstjórnarinnar til Ungmennafélags Reykjavíkur, dagsettu 6. dag sama mánaðar, veitti bæjarstjórn Reykjavíkur félaginu ~~leim~~ heimild til að gjöra skíðabraut, í brekkunni gagnvart Öskjuhlíðinni að norðanverðu við Hafnarfjarðarveginn og skyldi skíðabrautin gerð á þann hátt er lýst var í brjefi félagsins.

En eptir betri yfirvegun og nánari þekkingu á máli þessu hefir Ungmenna-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félag Reykjavíkur komist að þeirri niðurstöðu að skíðabraut úr trje, á þessum stað, yrði ekki eins heppileg, eins og ef jarðvegurinn yrði sljettaður og lagaður eins og henta mundi. Jafnframt yrði það félaginu ódýrara, fyrir þá sök, að meðlimir þess gætu betur lagt fram vinnu sína við slíka brautargjörð auk þess sem brautin yrði breiðari og betri þannig, heldur en ef hún væri úr trje.

Ungmennafélag Reykjavíkur leyfir sér því hérmeð að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur, að henni mætti þóknast að veita félaginu umrætt land til slíkrar skíðabrautar-gjörðar og félaginu veittist þá ~~þá~~ jafnframt heimild til að breyta jarðveginum svo, að hann verði hæfilegur til skíðaferða; að því er snertir stærð, lögun og legu brautarinnar, leyfum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ver oss að skírskota til meðfylgjandi uppdráttar

Fyrir hönd U. M. F. R.
Virðingarfyllst

Reykjavík 5 ágúst 1908

Tryggvi Þórhallsson
forseti.

Þorkell Þ. Clementz
ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.0
---
1911

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/6

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík, 28. júní 1911.

Samkvæmt ósk yðar, herra borgarstjóri, í brjefi, dags. 24. þ. m., veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að girðing sú, sem nú er verið að setja í Fossvogi, megi á litlum spotta ná yfir Fossvogslækinn inn á land aðliggjandi þjóðjarða, til þess að rennandi vatn fáist innan girðingarinnar, gegn því að Reykjavíkurbær sje skyldur til hvenær sem krafist verður að færa girðinguna á landamerki.

F. h. r.

Kl. Jónsson

J. Hermannsson

Til

BORGARSTJÓRANS Í REYKJAVÍK.

B. Rek. 360/1911

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.0
1913 Bryjet

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. febr. 1913.

499

Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur, hjer með eptirrit af fundargjörðum byggingarnefndarinnar 1.og 5.þ.m. með áritun um hverjar breytingar bæjarstjórnin hefur gjört á þeim. Ennfremur sendi jeg yður teikningarnar af hinu fyrirhugaða íshúsi við tjörnina.-

Páll Einarsson.

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.0
1914

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn að hún vilji bæta mjer skemdir þær, sem orðnar eru á grindum þeim, hjá húsi mínu á Grettisgötu No 3 er liggja við Barnaleikvöllinn. Þessar skemdir stafa af því, að þegar hvorugt okkar hjóna gat haft eptirlit með grindunum, jeg sjálfur lá á sjúkrahúsi, og kona mín, sem nú er dáin lá banaleguna, þá hafa börnin leikið sjer að því að riðla á grindunum, og smábrotið þær niður og meiga þær heita nærfelt með öllu ónýtar.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 1. april 1914.

Guðmundur. Guðmundsson
íshúsvörður

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.00
1920

Veganefndin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, mánudaginn 8. nóv., hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Erindi frá Sveini Teitssyni, Laugaveg 97, þar sem hann fer fram á að skolppípur verði lagðar frá húsi hans austur í Rauðarárlæk á kostnað bæjarins, - Nefndin vill ~~ekk~~ ekki verða við þessari beiðni, en felur bæjarverkfræðing að láta hreinsa skurðinn beggja vegna Laugavegar innan Barónsstígs.
2. Erindi frá búendum við Framnesveg um viðgerð á veginum - Bæjarverkfræðing falið að láta gera það við veginn, sem bráðnauðsynlegt sje.
3. Erindi frá búendum við Klapparstíg, og Lindargötu um umbætur á ~~stígnumxxx~~ stígunum. Erindin verða tekin til nánari athugunar, síðar.
4. Gerðar tillögur til fjárveitinga næsta ár.

| | | |
|---|---|---|
| a. | Til þrifnaðar og snjómoksturs | kr. 60000.oo |
| b. | - salernahreinsunar | " 45000.oo |
| c. | - sorphreinsunar | " 60000.oo |
| d. | - áhalda og aðgerða á þeim | " 16000.oo |
| e. | Kostnaður við mulnings framleiðslu | " 50000.oo |
| ~~f.~~ | Jafnframt eru áætlaðar tekjur af vinnustöðinni kr. 30000.oo. | |
| f. | Götulýsing | " 25000.oo |
| g. | Ofaníburður gatna og viðhald ræsa | " 100000.oo |
| h. | Til nýrra gatna | " 40000.oo |
| i. | Viðhald og umsjón í Þvottalaugunum | " 12000.oo |
| j. | Viðhald á sundlauginni og sundkensla | " 5000.oo |

Gerð hefir verið áætlun um kostnað við að gera upp Njálsgötu frá Klapparstíg að Frakkastíg (sbr.5.lið fundargjörð nefndarinnar 5. okt. þ.á.) mundi verða kr. 10.500.oo. En meiri hluti nefndarinnar vildi ekki mæla með þeirri fjárveitingu.

5. Gerðar tillögur um áætlun tekna 1921:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Fyrir seldan áburð | kr. 1000.oo |
| b. | - aukasorphreinsun | " 300.oo |
| c. | - hesta og vagna | " 40000.oo |
| d. | - bifreiðar | " 15000.oo |
| e. | - sand og möl | " 5000.oo. |

6. Til útgjaldaliðanna c.,d.og e. eru áætlaðar jafnar upphæðir, eða samtals 60 þús. kr..
7. Lagt fram erindi frá Laugavörðunum þess efnis, að gert verði við bekki og borð í laugahúsunum, og ákvað nefndin, að sú viðgerð fari fram nú þegar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Guðm. Ásbjörnsson. (með fyrirvara)

Pjetur Halldórsson.

Sig. Thoroddsen. Gunnlaugur Claessen.

Lögð fram á fundi bæjarstjórnar 18. nóv. 1920.

KZimsen.

Bæjarverkfræðingnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, miðvikudaginn 6. október, hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að sjer hefði borist símskeyti þess efnis, að Bölling-Ladegaard verkfræðingur, sem samþykt var á síðasta bæjarstjórnarfundi að ráða fyrir bæjarverkfræðing, hefði tekið aðra stöðu, og kæmi því ekki hingað.
2. Auk þeirra fjögra umsókna, sem áður lágu fyrir um bæjarverkfræðingsstöðuna, hafa komið þrjár frá Danmörku og ein frá Þýskalandi.
   Nefndin leggur til, að bæjarverkfræðingsstaðan verði veitt H. Klittgaard-Nielsen verkfræðing, og að borgarstjóra verði falið að semja við hann um ráðningarkjörin.
3. Tekið fyrir á ný erindi Björns Jónssonar um kaup á lóðarræmu framundan húsunum 64 og 64 A við Hverfisgötu, ca. 78 ferm. að stærð. Hefir Björn boðist til að selja bænum lóðina fyrir fasteignamatsverð, 9 kr. fermeter, og leggur nefndin til, að því boði sje tekið.
4. Lagt fram erindi frá Tryggva Árnasyni um viðgerð á Kirkjugarðsstíg.
   Nefndin telur ekki mögulegt að gera við stíginn nema með sjerstakri fjárveitingu, og felur bæjarverkfræðingnum að gera áætlun um kostnað við að leggja Kirkjugarðsstíg og veg yfir Hólatorg meðfram Kirkjugarðinum.
5. Lagt fram erindi frá búendum við Njálsgötu á kaflanum frá Klapparstíg að Frakkastíg um viðgerð á götunni.
   Borgarstjóri upplýsti, að fje það, sem áætlað er til ofaníburðar og viðgerða gatna sje nú hjer um bil búið, og það sem eftir sje fari til þeirra gatna sem nú sje verið að bera ofaní.
   Af þessari ástæðu, svo og af því, að rjettara virðist að gjöra götuna alveg upp að nýju þegar miklu fje verður kostað til hennar, vill meiri hluti nefndarinnar ekki láta fara fram gagngerða viðgerð á götunni á þessu hausti, en aðeins láta laga verstu holurnar í veginum, og jafnframt fela bæjarverkfræðingnum að gjöra áætlun um kostnað við að gjöra götuna upp að nýju, svo það verði tekið til ályktunar, hvort fje skuli veitt til götugerðarinnar á næstu fjárhagsáætlun.
   (Minni hlutinn (Guðm. Ásbjörnsson) telur götuna í svo slæmu ástandi, að óumflýjanlegt sje að framkvæma fullkomna aðgerð á henni nú þegar, og leggur til, að bæjarstjórnin samþykki, að viðgerðin verði framkvæmd á þessu hausti.)
6. Rætt um tillögu til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1921.

Á fund vantaði Pjetur Halldórsson og Gunnlaug Claessen.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Sig. Thoroddsen.

Þannig samþ. á fundi bæjarstjórnar 7. okt. 1920

K Zimsen.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, Þriðjudaginn 14. sept. hjelt ~~fasteignanefndin~~ veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá verkamönnum við sopphreinsun bæjarins um hækkun á kaupi sínu, sem samsvari almennu verkamannakaupi í bænum.
   Nefndin ákveður að beita þeim 300 kr. uppbót hverjum á kaupi sínu þetta ár.

2. Jóhann Fr. Kristjánsson og Freygarður Þorvaldsson bjóðast til að færa inn inngönguriö við hús þeirra við Laugaveg 27, gegn því, að þeim verði greiddar 450 kr. úr bæjarsjóði uppí þann kostnað sem þeir hafa af breytingunni, sem þeir áætla 900 kr.
   Nefndin leggur til, að þeim sje greidd þessi fjárhæð þegar breytingunni er lokið.

3. Erindi Björns Jónssonar Hverfisg. 64, um að bærinn kaupi lóðarræmu fyrir framan hús hans, sem hafa verið færð inn í hina fyrirhuguðu götulínu, frestað til athuguna.

4. Nefndin ákveður að gera Fjólugötu yfir Thomsenstún með vatnsæðum og skolpæðum, ef lóðareigendur fyrir ofan hana borga í bæjarsjóð 2 kr. gjald af hverjum fermeter lóðanna.

5. Erindi frá búendum á Grímstaðaholti um að Melavegur verði framlengdur og að gengið verði svo frá vatnsleiðslunni, að hún ekki frjósi.
   Ákveðið að gera framlengingu Melavegar að Fálkagötu og leggja Fálkagötu með vatnsæð og skolpræsi.

6. Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá viðtali sínu við lóðareigendur við Vesturgötu og Stýrimannastíg, sbr. fund nefndarinnar 21. júlí þ.á., 3. lið. Málinu frestað.

7. Lagðar fram 5 umsóknir um bæjarverkfræðingsstarfið.
   Nefndin leggur til, að ráðinn verði til starfsins verkfræðingur A. C. Bölling-Ladegaard, og að borgarstjóra verði falið að semja við hann um launakjörin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Pjetur Halldórsson.

Gunnl. Claessen. Sig. Thoroddsen. Guðm. Ásbjörnsson.

Þannig samþ. á fundi bæjarstj. 16/9 '20.

[signature]

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, miðvikudaginn 21. júlí, kl. 4 síðd., hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram tilboð um tjöru, til götugerðar, frá kaupfjelagi Reykjavíkur. Nefndin ákvað að hafna tilboðinu, þar sem bæjarstjórnin hefir ákveðið að malbika ekki Hverfisg. þetta ár.
2. Tekið fyrir erindi Jóns Bjarnasonar, sem frestað var 13. apríl þ.á., um holræsi í Sellandsstíg. Nefndin getur ekki lagt til að holræsið verði gert á þessu ári.
3. Bæjarverkfræðing falið að athuga lóðarræmur þær, sem þarf að taka til breikkunar á Stýrimannastíg, við Vesturgötu, og tala við eigendur þeirra um afhendingu lóðarræmanna.
4. Nefndin ákvað að gera Týsgötu og vestri hluta Þórsgötu með óhöggnum stjettarkantssteinum og að öðru leyti á þann hátt, sem bæjarstjórnin samþykti, svo að form götunnar geti haldið sjer, þegar gatan á sínum tíma verður malbikuð.
5. Þeir Pjetur Halldórsson og Guðmundur Ásbjörnsson, sem falið var að eiga tal við Sólvallafjelagið um götugerð um Nýja túnið, skýrðu frá því, að niðurstaðan af því samtali væri sú, að ekki væri hugsað til götugerðar þetta ár, en að málið yrði tekið til nánari athugunar í sambandi við næsta árs fjárhagsáætlun.

Á fund vantaði Gunnl. Claessen sem er fjarverandi úr bænum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson,. Sig. Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Pjetur Halldórsson.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 5. ág. 1920.

KZimsen

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, miðvikudaginn 5. maí, hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Borgarstjóri upplýsti að hann hefði athugað kostnað við framlenging Mýrargötu milli Brunnstígs og Bakkastígs, sbr. fundargerð 1[illegible]. apríl, og sagði að hann mundi nema um 14 - 15 þús. kr. til lóðakaupa og götugerðarinnar.

   Nefndin leggur til að þetta verk verði ekki framkvæmt vegna hins mikla kostnaðar við það.
2. Jón Halldórsson, eigandi að Klapparstíg 14 A, fer fram á að keypt verði af honum nú þegar fyrir 7 kr. feralina lóðarspilda til breikkunar Veghúsastígs. Nefndin leggur til, að erindinu sje synjað.
3. Samþykt að kaupa 50 tunnur af tjöru til götugerðar af Hallgrími Benediktssyni, sem býðst til að selja hana fyrir [illegible] krónur fob. Kaupmannahöfn, með skipi sem er um það að leggja á stað þaðan.
4. Borgarstjóri tilkynti að hann hefði ráðið hr. verkfræðing Sigurð Thoroddsen, til að gegna bæjarverkfræðingsstörfum í sumar.

Á fund vantaði Pjetur Halldórsson, sem er veikur.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. G. Claessen .

1. og 3.–4. liður samþ. í bæjarstjórn 3. júní 1920, en 2. lið frestað.

KZimsen.

Hr. verkfr. Sig. Thoroddsen,
Fríkirkjuv. 3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. 01
1920

Fasteignanefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 1. júní, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þórður Bjarnason var fjarverandi (erlendis).

Þetta gerðist:

1. Ragnv. Christiansen segir upp leigurjetti að lóð nr. 17 við Freijugötu.
2. Þorkell Magnússon afsalar sjer leigurjetti að lóð nr. 25 við Freyjugötu, og biður jafnframt um að fá nr. 17 við sömu götu í staðinn. Lagt til að veitt sje.
3. Guðni Þorsteinsson sækir um leigulóð nr. 24 við Þórsgötu. Lagt til að honum sje veitt hún.
4. Jón Jónsson frá Uppsölum sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóð nr. 26 við Þórsgötu.
5. Kristján Pjetursson, Nýlendug. 19, sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái leigulóð nr. 28 við Þórsgötu.
6. Lagt til ~~nú~~ að Ólafi Hróbjartssyni sje seld á leigu lóð nr. 30 við Þórsgötu samkv. umsókn hans í vetur (sbr. fundargj. 27. jan., 4. lið).
7. Einar Stefánsson sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóð nr. 4 við Nönnugötu. Sveinn Jóhannsson, sem fengið hafði loforð fyrir þeirri lóð, hefir ekki, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, gert samning um hana.
8. Símon Símonarson sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóð nr. 25 við Freyjugötu.
9. Einar Hildibrandsson fer fram á að fá á leigu lóðarblett til að byggja á bráðabirgðaskúr til íbúðar í nánd við hesthús hans við Kaplaskjólsveg. Enda þótt nefndinni sje mjög óljúft að mæla með því að íbúðarhús sje bygt á þessum stað, leggur hún þó eftir atvikum til að honum sje leigð lóð í þessu skyni á þessum stöðvum eftir nánari útvísun og ~~eftir~~ með 6 mánaða ~~fyrir uppsagnarf~~ uppsagnarfresti, gegn 10 aura ársleigu af hverjum fermetra.
10. Guðmundur Guðjónsson býður forkaupsrjett að Laugalandi, þ.e. erfðafestulöndunum Laugahúsbletti, Laugalækjarbl. nr. 1 og Laugamýrarbl. nr. 1 og 2, sem hann tjáist hafa keypt, að undanskildum þeim 5000 ferm., sem undanþegnir voru sölu síðastl. haust (sbr. fund 13. okt., 10 lið.). Verð 65000 kr. lagt til að forkaupsrjetti sje hafnað.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson .

Samþ. í bæjarstjórn 3. júní 1920.

K Zimsen

Hr. verkfr. Sig. Thoroddsen,
Fríkirkjuveg 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 8. júní, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þórður Bjarnason var fjarverandi (erlendis).

X 1. Fyrir tekið erindi h/f. "Alliance" um lóð undir 2 íbúðarhús við væntanl. framlengingu Vesturgötu. Nefndin leggur til að fjelaginu sje leigð lóð úr Ívarsselstúni, norðanvert við fyrirhugaða Vesturgötu, til þess að byggja á umrædd tvö hús, sem eru hvort fyrir sig 30 x 10 ál. að stærð. Lóðin seljist á leigu til 75 ára með venjulegum leigulóðaskilmálum. Stærð lóðarinnar ákveðist síðar.

X 2. ~~Ex~~ Í sambandi við tillöguna í 1. lið, verði hún samþykt og með því ennfremur að húsnæðisnefnd hugsar til að reistar verði fyrirhugaðar byggingar handa húsnæðislausu fólki á vesturhluta Ívarselstúns, sjer nefndin fram á að tún þetta verður í sumar óþýtt Sigvalda Jónssyni, sem bæjarstjórnin hafði leigt það til slægna í sumar. Hefir verið um það rætt við Sigvalda og hann tjáð sig fúsan til að sleppa túninu gegn því að fá bætur fyrir áburð, sem hann hefir flutt á það, að upphæð um 100 kr. Leggur nefndin til að að því sje gengið.

X 3. ~~Bjarni~~ Björgvin Hermannsson Hvg. 57, sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóðina nr. 16 við Nönnugötu, sem Pjetur G. Guðmundsson hefir afsalað sjer.

X 4. Karl Þorvaldsson, Skólav.st. 3 b, sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái lóðina nr. 61 við Bergstaðastræti, með því að Árni Erasmusson, sem fengið hafði loforð fyrir henni, hefir ekki þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir gefið sig fram til að gera samning um hana.

X 5. Eiríkur Magnússon bókbindari fer fram á að fá á erfðafestu landspildu í holtinu fyrir ofan Laugarás og byggja þar á torfbæ.
Frestað til athugunar á staðnum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zinsen. Sig. Jónsson. Sig. Thoroddsen.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 18/6 '20.
K. Zimsen

Herra bæjarverkfræðingur Sigurður Thoroddsen
Fríkirkjuveg 3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 15. júní, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. - Þórður Bjarnason var fjarverandi (erlendis).

Þetta gerðist:

1. Kristján V. Guðmundsson býður bæjarsjóði hjall, sem hann á neðanvert við Miðselstún, fyrir 300 kr. Borgarstjóra falið að tala við Kristján. Málinu að öðru leyti frestað.

2. E. P. Aspelund sækir um 2000 fermetra lóð á leigu við Rauðarárstíg til að byggja á trjesmíðavinnustofu og ef til vill íbúðarhús. Frestað til viðtals við beiðanda.

3. Halldór Jónsson, Skólav.st. 33, biður um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóð við Þórsgötu 16 eða 18, ef Tryggvi Gunnarsson byggir ekki á þeim í ár.

4. Nefndin hafði skoðað land það, sem Eiríkur Magnússon bókbindari hefir farið fram á að fá á erfðafestu í holtinu fyrir ofan Laugarás. Leggur hún til að honum sje veitt ca. 2 ha. land á umræddum stað, þó svo að vegarstæði sje eftir skilið milli lands þessa og landanna þar fyrir neðan. Skilmálarnir sjeu hinir sömu sem á löndunum í Þvottalaugamýri, nýju erfðafestuskilmálunum fylgt. Landið er grýtt og er því lagt til, að ræktunartími sje ákveðinn 10 ár að girðingarári meðtöldu. Bæjarverkfræðing falið að mæla landið.

5. Jón Sigurðsson og Páll Magnússon hafa farið fram á að fá að draga á fyrir lax í Grafarvogi undan Ártúnslandi. Með því að nefndinni er kunnugt um að þeir sem leigt hafa veiðirjettinn í Elliðaánum í sumar telja að þetta mundi spilla veiðinni í ánum, sjer nefndin ekki fært að leggja það til að ádráttur verði leyfður í Grafarvogi fyrir því landi, sem bæjarstjórnin hefir umráð yfir.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Sig. Thoroddsen.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 18/6 '20

KZimsen

Herra bæjarverkfræðingur Sigurður Thoroddsen
Fríkirkjuveg 3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

180 7078

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 30. júní, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tilkynt að Guðjón Jónsson sje hættur við kaup á lóðinni nr. 10 við Þórsgötu, sem nú, vegna stækkunar á nágrannalóðinni, verður nr. 8 við götuna.

2. Jón Gíslason, Vonarstr. 2, og Álfgeir Gíslason, Stýrimannastíg 10, sækja um kaup á lóð þeirri, sem um ræðir í 1. lið, Þórsgötu nr. 8. Lagt til að þeim sje seld hún með sömu skilmálum, sem áður hafa verið settir fyrir sölu lóða við umrædda götu. Lóðin er 16 m. með götu.

3. Guðm. Breiðfjörð sækir f.h. Elíasar Bjarnasonar um kaup á byggingarlóð. Lagt til að honum sje seld lóðin nr. 10 við Þórsgötu (sem áður hefur verið talin nr. 12), 16 m. með götu, með sömu skilmálum sem lóð sú, sem um ræðir í 2. lið.

4. Magnús Sæmundsson, Óðinsgötu, sækir um leigulóð til íbúðarhúsbyggingar. Lagt til að honum sje veitt lóð suðaustan við Bragagötu, sjötta lóð norður frá Nönnugötu (Bragagata nr. 32).

5. Beiðni Ísaks Einarssonar um erfðafestuland í Kaplaskjóli frestað þar til fyrir liggur uppdráttur af þar um ræddu svæði.

6. Borgarstjóri hafði átt tal við C. P. Aspelund út af lóðarbeiðni hans, sem um getur í fundargjörð frá 15. júní (2. lið). Nefndin leggur til að ~~xxsxx~~ umsækjanda sje seld á leigu lóð við Rauðarárstíg, sunnanvert við lóð fjel. "Isaga", 36 m. meðfram Rauðarárstíg og ca. 56 m. upp frá honum, að götu, sem fyrirhuguð er suðureftir holtinu, jafnhliða Rauðarárstíg. Lóðin sje látin á leigu til þess að byggja á henni trjesmíðavinnustofu og ef til vill einnig íbúðarhús. Leigutíminn sje ákveðinn 30 ár og ársleiga ákveðin af lóðamatsnefnd til 5 ára í senn.

7. Framlagður uppdráttur af fyrirhugaðri gatnaskipun kringum Melshús á Grímstaðaholti. Nefndin leggur til að notum þess, sem Jón Jónsson í Melshúsi hefir unnið að ræktun erfðafestulandsins Garðholtsbletts V, sem samþykt hefir verið að taka af honum, fái hann til eignar til viðbótar við fyrri eignarlóð sína ~~xxxxxx~~ 1008 fermetra lóð úr blettinum, með þeim nánari ummerkjum, sem uppdrátturinn sýnir.

8. Borgarstjóri hafði gert samning við Þorgrím Jónsson í Laugarnesi um vörslu bæjarlandsins í sumar,. Er borgun fyrir vörsluna ákveðin 1200 krónur án uppbótar. Fyrir flutning hesta úr haga og í 1 króna. Hagatollur fyrir hverja kú í landi bæjarins 25 kr. Að öðru leyti er samningurinn samhljóða samning frá 1919. Var nefndin samþykk þessari ráðstöfun.

Þórður Bjarnason var fjarverandi (erlendis).

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Sig. Thoroddsen.

*Þannig samþ. á fundi bæjarstjórnar 1. júlí 1920*

*K. Zimsen*

*Bæjarverkfræðingurinn*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 5. júlí, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Framlagt brjef Guðbjargar Oddsdóttur, þar sem hún afsalar sjer leigulóðinni nr. 25. við Bragagötu.
2. Elías Jóakimsson sækir um leigulóð nr. 25 við Bragagötu. Lagt til að honum sje seld hún á leigu.
3. Framlagt brjef Sigurðar Þórðarsonar, þar sem hann afsalar sjer leigulóð nr. 27 við Bragagötu.
4. Þorsteinn Ásbjörnsson sækir um leigulóð nr. 27 við Bragagötu. Lagt til að honum sje seld hún á leigu.
5. Bergur Bárðarson, Miðstr. 8 B, sækir um leigulóð. Lagt til að honum sje seld á leigu lóðin nr. 24 við Bragagötu, sem Einar Jónsson hefir afsalað sjer.
6. Kristinn Árnason, Skólav.st. 25, sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóð nr. 30 við Bragagötu, sem Eiríkur Ormsson hefir ~~sú~~ afsalað sjer.
7. Björn Benediktsson, Bergst.str.40, sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóð nr. 28 við Bragagötu, með því að Ólafur Þórarinsson, sem fengið hafði loforð fyrir henni, hefir ekki gefið sig fram til að gera samning um hana.
9. Guðm. Guðmundsson, Vitast.16, sækir um lóð til sölu eða leigu ofanvert við Laugaveg móts við Laugav. 123, til þess að byggja þar íbúðarhús. Nefndin sjer sjer ekki fært að mæla með því að lóð sje af hendi látin á þessum stað að svo stöddu.
10. Beiðni Guðmundar Brynjólfssonar, Lindarg. 40, um leyfi tilnað byggja torfbæ sunnanvert í Rauðarárholti sjer nefndin ekki fært að sinna.
11. Benedikt Sæmundsson sækir um kaup á lóðarbletti austanvert við Björnshús á Grímstaðaholti til að byggja þar á íbúðarhús. Nefndin athugar að lóð sú, sem hjer er um að ræða, muni aðeins vera ca. 9 m. breið frá Arnargötu, og því trauðlega hæf til að byggja á henni sjerstakt hús. Getur hún því ekki mælt með umsókninni. Þar á móti leggur hún til að beiðanda verði seld byggingarlóð norðanvert við Arnargötu austan við lóð þá, sem hann fekk í fyrra, og með sama verði hver ferm. sem í síðastnefndri lóð. Áskilja verður frjálsan gang yfir lóðina frá Fálkagötu niður að nýjabæ, meðan Arnargata er ekki lögð.
12. Samúel Ólafsson býður bæjarsjóði engjastykki úr Vatnsendaengjum fyrir 5600 kr.. Frestað.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Þórður Bjarnason.
Sig. Thoroddsen.

8 Gjörv. Helgi Jónsson, Haltsg. 12. sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóð nr. 29 við Bragagötu, með því að Einar Kr. Þorsteinsson, sem fengið hafði loforð fyrir henni, hefur ekki gefið sig fram til að gera samning um hana.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þannig samþ. á fundi bæjarstj. 15. júlí 1920

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðingsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, h. 15. júlí, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Guðjón Jónsson Grettisg. 10, biður um land til erfðafestu austur af sundlaugunum c. 2. dagsláttur. Málinu frestað og bæjarverkfræðing falið að skoða landið.
2. John Sigmundsson sækir um leigulóð, lagt til að hann fái nr. 13 við Þórsgötu, sem áður var lofuð Tryggva Gunnarssyni, en hann hefur ekki notað.
3. Bjarni Þórðarson Grettisg. 45, sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái lóð nr. 3 við Urðarstíg, sem Eggert Brandsson hefur afsalað sjer.
4. Auk þess höfðu nefndinni borist 7 umsóknir um leigulóðir, en þar eð allar leigulóðir eru nú lofaðar, en von um að sumir af þeim, sem hafa fengið loforð fyrir lóðum muni segja þeim lausum innan skamms, óskar nefndin að fá leyfi bæjarstjórnar til að úthluta þeim leigulóðum er losna til þeirra 7 umsækjanda sem nú sækja um leigulóðir, þó því aðeins að líkur sjeu til að þeir geti bygt í sumar.

Sigurður Jónsson mætti ekki á fundinum er fjarverandi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Sig. Thoroddsen.

Þannig samþ. á fundi bæjarstj. 15. júlí 1920.

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðingur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 miðvikudag 21. júlí hjelt ~~fasteignanefndin~~ fund á skrifstofu borgarstjóra. Sigurður Jónsson fjarverandi.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Þareð Vilhjálmur Ingvarsson og fjelagar hans, sem höfðu fengið loforð fyrir að fá keyptar lóðir samkv. fundargjörðum fasteignanefndar 12. ágúst og 4. nóv. f.á., ekkert hafa gjört enn, til að byrja að byggja á lóðunum, ákveður nefndin að selja þær öðrum.

2. Hans Bjarnason og Guðm. Guðmundsson Laugaveg 58 B, sækja um að fá keypta byggingarlóð við Baldursgötu, er sje 22 ál. með götu norðanvert við lóð Jóns Þorlákssonar. Nefndin leggur til að verða við þessari beiðni, ef bygt verður á lóðinni í sumar, felur bæjarverkfræðing að mæla upp óráðstafaðar lóðir við Freyjugötu og Baldursgötu og láta meta þær.

3.a. Ragnar Þórarinsson sækir um að fá keypta lóð einhversstaðar í Skólavörðuholtinu. Nefndin leggur til að honum verði seld lóð við Baldursgötu næst við Hans Bjarnason.

3.b. Eiríkur Ormsson fyrir hönd Sveins Ólafssonar Hvammi sækir um að fá keypta hornlóðina sunnan Freyjugötu og vestan Baldursgötu. Lagt til að honum verði seld sú lóð.

4. Guðm. Brynjólfsson Lindarg. 40 sækir um leigulóð. Samþ. að leigja honum lóð nr. 55 við Bergstaðastr., sem áður var lofuð Bergsveini Jónssyni, er þrátt fyrir áskorun ekki hefir gefið sig fram til að gjöra samning um lóðina.

5. Brynjólfur Gíslason Ingólfshúsi sækir um leigulóð. Samþ. að leigja honum nr. 24 við Þórsgötu, sem áður var lofuð Jóni Jónssyni Uppsala, er hætt hefir við að taka þá lóð á leigu.

6. Eyjólfur Vilhelmsson Suðurpól sækir um leigulóð. Samþ. að leigja honum nr. 35 við Bragagötu er áður var lofuð Guðmundi Guðmundssyni, sem ekki hefir gefið sig fram til að gjöra leigusamning þrátt fyrir áskorun.

7. Snorri F. Welding Kárastíg 11, sækir um leigulóð. Samþ. að leigja honum nr. 15 við Urðarstíg, sem áður var leigð Sæmundi Runólfssyni, en þar hann er búinn að kaupa sjer hús, mun hann nú afhuga að byggja á leigulóðinni. Borgarstjóra falið að fá leigusamninginn við Sæmund ónýttann.

8. Tekið fyrir erindi Gísla og Steingríms Sveinssona á Sveinsstöðum, um viðbót við erfðafestuland þeirra, sem frestað var á fundi nefndarinnar 30. október f.á.. Var bæjarverkfræðing falið að athuga málið til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Sig. Thoroddsen.

Þannig samþ. á fundi bæjarstjórnar 5. ág. 1920.

K. Zimsen

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, þriðjud. 27. júlí ~~hjá~~ hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Sigurður Jónsson var fjarverandi.
Þetta gerðist á fundinum:

1. Tekið fyrir erindi frá Samúel Ólafssyni um forkaupsrjett á landi í Vatnsendahól, er frestað var að taka ákvörðun um á fundi nefndarinnar 6.þ.m. Nefndin leggur til að boði þessu verði hafnað sökum þess að henni þykir landið, sem aðeins er hæft til beitu of dýrt.
2. Lagður fram uppdráttur yfir erfðafestuland Magnúsar Blöndahls er Jóhann T. Egilsson hefir selt honum með samþykki bæjarstjórnar, var land þetta selt á erfðafestu 7. maí 1903 en aldrei verið gefið út erfðafestubrjef fyrir því. Nefndin leggur til að borgarstjóra verði heimilað að gefa út erfðafestubrjef fyrir landinu.
3. Ísak Einarsson Tjarnargötu 24, sækir um erfðafestuland í Þvottalaugamýri. Bæjarverkfræðing falið að skoða landið, málinu frestað til næsta fundar.
4. Jón Jónsson Melshúsi sækir um að fá útmælda lóð á Grímstaðaholti við Fálkagötu, næst vestan við lóð Ólafs Grímssonar. Lóð þessi er nr. 19 við Fálkagötu og 397,5 ferm. að stærð, var áður lofuð Eggert Lárussyni, sem mun vera hættur við að byggja og hefir fyrirgert rjetti sínum til hennar. Leggur nefndin því til að Jóni Jónssyni verði seld þessi lóð fyrir ákvæðisverð kr. 2.25 fermeterinn.
5. Kristján Einarsson sækir um að fá keypta lóðina nr. 10 við Freyjugötu, leggur nefndin til að honum verði seld hún fyrir matsverð.
6. Þorbergur Halldórsson Kárastíg 11, sækir um kaup á byggingarlóð. Leggur nefndin til að honum verði seld lóð nr. 8 við Freyjugötu fyrir matsverð.
7. Jón Jónsson Grundarstíg 5 A sækir um leigulóð. Nefndin ákveður að láta hann fá lóð nr. 16 við Urðarstíg, sem Jón Guðlaugsson hafði fengið lofun fyrir en hætt við að taka.
8. Jóhannes V.H. Sveinsson Frakkastíg 4, sækir um að fá keypta byggingarlóð við Laugaveg sunnanverðan innanvert við Barónsstíg. Nefndin getur ekki að svo stöddu lagt til að þessi lóð verði seld, af því að þeir landl. Guðm. Björnsson og Sigvaldi Bjarnason telja sig eigendur þessarar lóðar, og þó nefndin telji þá hafa fyrirgert rjetti sínum til hennar vill nefndin ekki verða til að selja hana öðrum fyr en það mál er útkljáð.
9. Nefndin leggur til að GíSli og Steingrímur Sveinsson á Sveinstöðum fái ca. 300 ferm. viðbót við erfðafestuland sitt sbr. fundargj. 21. þ.m. sje borgarstjóra falið að gefa út eitt erfðafestubrjef fyrir öllu erfðafestulandinu sem nú mun vera ca. 1,18 h.a.
10. Almar Normann sækir um að fá keypta lóð er bærinn á innan girðinga þeirra er afmarka lóð hans Laugav. 104 (Lund). Málinu frestað uns skrásetning lóða sje lokið þar í grend.
11. Sláturfjelag Suðurlands: erindi frá því um aukning lóðar og lögun á lóðarmörkum var frestað uns skrásetning væri lokið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Sig. Thoroddsen.

Þannig samþ. á fundi bæjarstjórnar 5. ág. 1920.

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðinguri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, þriðjudaginn 3. ágúst hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Sigurður Jónsson fjarverandi.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Lagt fram brjef frá Guðmundi Guðmundssyni Vitastíg 16 með beiðni um að fá keypta lóð þá er bærinn á bakvið lóð hússins "Lundur" Laugaveg 104. Málinu frestað sbr. síðustu fundargj. 10 lið.

2. Alvin Morits sækir um að fá keypta lóð við Fálkagötu helst nr. 18. Lagt til að honum sje seld annaðhvort lóð nr. 25 eða 29 við þá götu. Lóð nr. 18 er norðanvert við götuna en þeim megin götunnar vill nefndin ekki útvísa lóðum fyr en búið er að leggja hana.

3. Guðjón Pálsson og Skúli Sigurðsson sækja um leigulóð, ákveðið að leigja þeim lóð nr. 7 við Nönnugötu, sem áður var lofuð Hannesi Blöndal en hann hefir ekki gjört samning um og nú munnlega tilkynt nefndinni að hann sje fallin frá að taka þá lóð á leigu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Sig. Thoroddsen.

Þannig samþ. á fundi bæjarstjórnar 5. ág 1920.

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Ár 1920, miðvikudaginn 18. ágúst, hjelt fasteignanefndin fund á** skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tilkynt að Þorbergur Halldórsson óski að fá keypta lóðina nr. 4 við Freyjugötu í stað nr. 8 við sömu götu, sem samþykt hafði verið að selja honum. Leggur nefndin til að orðið sje við þessum tilmælum hans.
2. Tilkynt að Guðmundur Vigfússon sje hættur við kaup á lóðinni nr. 9 við Þórsgötu.
3. Lagt til að Ísak Einarssyni sje veitt á erfðafestu ca. 2½ ha. land í Þvottalaugamýri, innanvert við lönd þeirra Leifs Þorleifssonar og Sigurðar Símonarsonar. Sje ræktunartíminn ákveðinn 5 ár, en skilmálar að öðru leyti hinir sömu sem á öðrum löndum þar í grend. Felur nefndin bæjarverkfræðing að gera uppdrátt af landinu og borgarstjóra að gefa út erfðafestubrjef fyrir því. Ennfremur leggur nefndin til að Ísak sje leyft að byggja torfbæ á landinu.
4. Beiðni Guðm. Einarssonar í Laugarási um viðbót við erfðafestuland hans vísað til bæjarverkfræðings til athugunar og umsagnar.
5. Ágúst Jóhannesson, Þingholtsstr. 23, sækir um leigulóð við Bergþórugötu. Út af því felur nefndin borgarstjóra að komast eftir, hvort Guðbergur Jóhannsson muni ætla sjer að byggja á lóðinni nr. 11 við þá götu og Sigurður Ásbjörnsson á nr. 13. Losni önnurhvor sú lóð, leggur nefndin til að Ágúst sje seld hún á leigu, ef hann byggir í sumar.
6. Guðmundur Þorgrímsson, Njálsg. 7, sækir um leigulóð norðanvert við Þórsgötu eða norðanvert við Freyjugötu. Með því að allar leigulóðir við Freyjugötu og Þórsgötu eru lofaðar, getur nefndin ekki sint beiðninni.
7. Filippus Eyjólfsson, Kárastíg 7, sækir um leigulóð við Bergþórugötu eða Frakkastíg. Nefndin samþykkir að selja honum á leigu, ef hann byggir í sumar, lóðina nr. 5 við Bergþórugötu, sem Indriða Guðmundssyni var lofað í fyrra; en nefndin hefir fengið upplýsingar um að Indriði er fluttur burt úr bænum og mun því ekki ætla sjer að hagnýta lóðina.
8. Sigurður Sigurðsson, Bergstaðstr. 43, sækir um kaup á byggingarlóð við Freyjugötu. Nefndin leggur til að honum verði seld lóðin nr. 8 við þá götu, sem Þorbergur Halldórsson er fallinn frá (sbr. 1. lið).
9. Erindi Tryggva Þórhallssonar í Laufási um leyfi til að breyta í byggingarlóð og selja Guðmundi Böðvarssyni 1065,5 ferálnir úr erfðafestulandi sínu suðaustast í Laufástúni, fyrir 5 kr. hverja feralin. Alls er lóð sú, sem hann ætlar að selja Guðmundi 2432,2 ferálnir, en þar af 1366,7 ferálnum áður breytt í byggingarlóð. Nefndin leggur til að þetta sje leyft, enda greiðist 1/5 hluti söluverðs í bæjarsjóð. Jafnframt felur nefndin bæjarverkfræðing að athuga, hvort lóðarstærðin í heild sinni og sjerstaklega sá hlutinn, sem nú breytist í byggingarlóð, er rjett upp gefinn.
10. Í sambandi við málaleitun Tryggva Þórhallssonar í áminnstu erindi felur nefndin borgarstjóra að undirbúa samninga um afhendingu nokkurs hluta Laufástúns í líkingu við samning þann, sem gerður var síðastliðið ár um norðurhluta túnsins.
11. Erindi Lúðvígs Lárussonar og Ólafs Þorsteinssonar um grjótnám í Öskjuhlíð frestað til næsta fundar.

Borgarstjóri var fjarverandi.
Bæjarverkfræðingur ekki í bænum.
Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Þórður Bjarnason.

Samþ. í bæjarstjórn 2/9. 1920.

[signature]

Bæjarverkfræðingur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 24. ágúst, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóhannes V. H. Sveinsson, Frakkastíg 4, sækir um kaup á byggingarlóð. Nefndin leggur til að honum sje seld lóðin nr. 6 við Freyjugötu.

2. Sigurður Sigurðsson, Grettisgötu 36, sækir um leigulóð við Bergþórugötu. Nefndin leggur til að honum sje seld á leigu lóðin nr. 4 við þá götu, en að Sigurður Þórðarson, sem áður hefir fengið vilyrði fyrir þeirri lóð, fái lóð austar með götunni, ef hann ætlar að byggja.

3. Út af beiðni Lúðvígs Lárussonar og Ólafs Þorsteinssonar um grjótnám í Öskjuhlíð ákvað nefndin að athuga grjótland á þessum stöðvum með beiðendunum.

Þórður Bjarnason var fjarverandi úr bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigurður Jónsson. Sig. Thoroddsen.

Samþ. í bæjarstjórn 2/9. 1920.

KZimsen.

Bæjarverkfræðingur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 31. ágúst, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðmundur Jakobsson afsalar sjer kaupsrjetti að hornlóðinni á Lokastíg og Njarðargötu, en Sigurður Guðmundsson, Hvg. 32 B, sækjir um kaup á lóðinni. Leggur nefndin til að honum sje seld hún, enda byggi hann á henni á þessu ári.

2. Magnús Gíslason, Grettisg. 37, sækir um kaup á lóð nr. 9 við Þórsgötu. Nefndin leggur til að honum sje seld hún á 7 kr. hver fermetri, enda byggi hann á henni í haust.

3. Upplýst var að þeir Guðbergur Jóhannsson og Sigurður Ásbjörnsson vilji halda leigulóðunum nr. 11 og 13 við Bergþórugötu og byggja á þeim. Leggur því nefndin til að Ágúst Jóhannessyni, Þingh.str. 23, sje seld á leigu lóðin nr. ~~29~~ 10 við Bergþórugötu (sbr. fundargj. 18.þ.m., 5. lið.).

4. Bjarni og Magnús Guðnasynir, Frakkastíg 24, sækja um leigulóð við Bergþórugötu. Lagt til að þeir fái lóð nr. 12 við þá götu, enda byggi þeir í haust.

5. Í sambandi við samþykt nefndarinnar á fundi 18. ágúst, 9. lið, áskilur nefndin, að lóð sú, sem þar um ræðir, komi ekki í bága við ákveðnar götustefnur Njarðargötu og Laufásvegar.

6. Nefndin samþykkir að silungsveiði í Elliðaánum neðan fossa í septembermánuði sje leigð fyrir 250 krónur. Afnot af veiðimannahúsunum eru undanskilin.

Þórður Bjarnason var fjarverandi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson.

Sig. Thoroddsen.

Samþ. í bæjarstjórn 2/9. 1920.

K. Zimsen

Bæjarverkfræðingur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 7. sept. hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Páli Erlingssyni, þar sem hann sækir um á erfðafestu landspildu í Laugamýrinni. Frestað til athugunar.
2. Guðmundur Hallsson og Eiríkur Sigurðsson sækja um leigulóðina nr. 2 við Bergþórugötu. Nefndin leggur til að þeim sje veitt hún.
3. Guðmundur Guðmundsson, Hrísakoti, sækir um lóð til að byggja á íbúðarskúr hjá Sauðagerðistúngarði. Nefndin vill ekki útvísa lóðum á þessum stað, þar sem götustefnur eru óákveðnar, en vill gefa umsækjanda kost á að fá keypta lóð á Grímsstaðaholti.
4. Carl Chr. Níelsen sækir um leigulóð. Nefndin getur ekki veitt hið umbeðna, með því að allar þær lóðir, sem samþykt hefir verið að selja á leigu til íbúðarhúsabygginga, eru lofaðar. Þar á móti vill nefndin benda honum á, að á Grímsstaðaholti eru enn 2 lóðir óseldar.
5. Sveinbjörn Friðfinnsson, Njálsg. 13 a, sækir um að mega reisa skúr í bænum. Nefndin getur ekki vísað honum á lóð til að reisa skúrinn á, enda ekkert framtekið í erindi hans, hvort hann óskar að fá lóð keypta eða leigða.
6. Fyrir tekið erindi Lúðvíks Lárussonar og Ólafs Þorsteinssonar um grjótnám í Eskihlíð. Var samið uppkast að samningi, sem borgarstjóra var falið að bera undir umsækjendur til næsta fundar.

Þórður Bjarnason var fjarverandi úr bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Sig. Thoroddsen.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 16. september 1920.

K Zimsen

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 14. sept. hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ámundínus Jónsson afsalar sjer kauparjetti á lóð nr. 7 við Freyjugötu, en Njáll Símonarson, Laugaveg 23, sækir um að fá að ganga inn í kaupin. Nefndin leggur til að það sje samþykkt, enda byggi hann á lóðinni í haust.
2. Tilkynt að Þorbergur Halldórsson afsali sjer kauparjetti á lóð nr. 4 við Freyjugötu.
3. Tilkynt að Jón Sigurðsson afsali sjer leigurjetti að lóð nr. 7 við Bergþórugötu.
4. Tilkynt að Þórarinn Jónsson afsali sjer leigurjetti að lóð nr. 9 við Bergþórugötu.
5. Magnús Jónsson í Bráðræði sækir um kaup á lóð nr. 4 við Freyjugötu. Lagt til að honum sje seld hún, enda byggi hann í haust.
6. Guðrún Jónsdóttir, Grettisg. 58, kona Kristjáns Jónssonar, sækir um kaup á lóð nr. 46 við Skólavörðust. Lóð þessi var lofuð Einari Þórarsyni, Kárast. 8, en hann hefir ekki, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir gefið sig fram til að undirskrifa kaupsamning. Nefndin leggur því til að Kristjáni Jónssyni sje seld lóðin og verðið ákveðið 7 kr. hver ferm. Áskilið að bygt sje á lóðinni í haust.
7. Guðmundur Þorgrímsson, Njálsg, 7, sækir enn um leigulóð. Lagt til að honum sje seld á leigu lóð nr. 7 við Bergþórugötu.
8. Gísli Gíslason, Laugav. 123, sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái lóð nr. 9 við Bergþórugötu, enda byggi hann í haust.
9. Kristinn Gíslason og Álfgeir Gíslason, Stýr. 10, sækja um leigulóð. Nefndin leggur til að þeim sje leigð lóð nr. 19 við Bergþórugötu ef þeir byggja í haust. Lóð þessi hefir verið lofuð Þórunni Andrjesdóttur, en hún hefir ekki komið til að gera leigusamning, þrátt fyrir áskorun.
10. Guðjón Nikulásson, Lind. 25, sækir um kaup á eigninni nr. 23 við Lindargötu. Nefndin leggur til að þessari málaleitun sje synjað, því að lóðin er ákveðin undir götu.
11. Fyrirtekið að nýju erindi Lúðvígs Lárussonar og Ólafs Þorsteinssonar um grjótnám í Eskihlíð. Samningsuppkast það, sem nefndin gerði á síðasta fundi, hafði verið borið undir leyfisbeiðendur, og voru framlagðar athugasemdir þeirra við það. Eftir að nefndin hafði rætt málið kom henni ásamt um að leggja fyrir bæjarstjórnina tillögur þar um atriði leigusamningsins, sem færðar eru inn í gjörðabókina hjer á eftir.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson.

Þórður Bjarnason. Sig. Thoroddsen.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 16. september 1920.

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# T I L L Ö G U R

um aðalatriði leigusamnings við fjelag, sem stofnað sje fyrir næstkomandi nýár í þeim tilgangi að vinna grástein með vjelum.

----"----

1. Hið leigða er ~~grjótland~~ *réttur til grjóttöku* í vestanverðri Eskihlíð, *eftir nánari útvísun* ca. 20 m. fyrir ofan hamrabeltið "Beneventum". Klofið grjót og mulningur, sem ríkissjóður á á landinu, er undanskilið, og hefir landsstjórnin rjett til að láta flytja það í burt, enda geri hún það, þegar fjelagið krefst þess og það er nauðsynlegt vegna framkvæmda þess.
2. Leigutíminn er 20 ár frá 1. jan. 1921 að telja. Byrjað sje á grjótnámi sumarið 1921, nema óviðráðanleg atvik hamli.
3. Leiguhafi skuldbindur sig til að vinn á ári hverju að minsta kosti 1500 teningsmetra samtals af höggnum og settum grásteini og mulningi, enda sje markaður fyrir vöruna.
4. Ársleiga til bæjarsjóðs er 200 krónur á 1500 - 2500 teningsmetra framleiðslu og 20 aurar á hvern teningsmetra, sem þar er framyfir. Gjalddagi 31. desember.
5. Leiguhafi hefir leyfi til að leggja veg og sporbraut að landinu og um það, sömuleiðis til að gera hús og mannvirki á landinu, alt eftir nánari útvísun.
6. Fjárhagsnefnd bæjarstjórnar hefir heimild til að setja hámarksverð á afurðir af landinu og á heimtingu á að kynna sjer reikninga fjelagsins. Ákvæðum fjárhagsnefndar um hámarksverð má skjóta til gerðadóms Verkfræðingafjelags Íslands, og skal úrskurður gerðardómsins vera fullnaðarúrskurður.
7. Leiguhafi má ekki skerða markastein milli Skildinganess -og Reykjavíkurlanda.
8. Þegar samningur þessi gengur úr gildi, annaðhvort vegna þess að leigutími er útrunninn og samkomulag næst ekki um framlengingu, eða vegna uppsagnar leiguhafa eða vanefnda ~~hans~~ hans á samningnum, er bæjarsjóði Reykjavíkur áskilinn ~~forkaupsrjettur~~ *[illegible]* að vjelum, áhöldum og byggingum, sem notuð hafa verið við grjótnámið, en vegir og önnur slík mannvirki verða eign bæjarsjóðs endurgjaldslaust.

----"----

*L. Kaupverðkur fyrir samvirki, að frádregnum hæfilegri fyrningu,*

*Þannig samþ. á fundi bæjarstjórnar 16. sept. 1920.*

*[signature]*

*Bæjarverkfræðingur*

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 21. sept., hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

X 1. Samþ. að veita Guðna Einarssyni í Laugarási ca. 0,6 ha. viðbót við erfðafestuland hans. Bæjarverkfræðing falið að gera uppdrátt af öllu erfðafestulandinu Þvottalaugablettí nr. 14, eins og það nú verður og borgarstjóra að gefa út nýtt erfðafestu brjef fyrir því.

2. Beiðni Jónasar Jónssonar, Suðurpól, um leigulóð. Samþ. að selja honum á leigu lóðina nr. 14 við Þórsgötu, enda byggi hann á henni í haust.- Karl Karlsson, sem loforð hafði fengið fyrir þessari lóð, hefir ekki gefið sig fram til að undirskrifa leigusamning, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir.

3. Jón og Álfgeir Gíslasynir afsala sjer kauparjetti á lóðinni nr. 8 við Þórsgötu.

4. Einar J. Baemann, Mýr. 1, sækir um kaup á lóðinni nr. 8 við Þórsgötu. Samþ. að selja honum hana, enda byggi hann í haust.

5. Upplýst var, að áskorun sú til Þórunnar Andrjesdóttur, sem um getur í fundargjörð 14.þ.m., 9. lið, um að gefa sig fram til að undirskrifa leigusamning um lóðina nr. 19 við Bergþórugötu, hafi ekki komist til skila fyr en um seinan, og að Þórunn vilji halda lóðinni og hafi þegar byrjað á byggingu á henni. Samþ. því nefndin að leigusamningur verði gerður við hana um téða lóð, en að þeir Kristinn og Álfgeir Gíslasynir fái í þess stað á leigu lóðina nr. 14 við Bergþórug. Sú lóð hafði verið lofuð Sigurði Þórðarsyni, en hann hefir ekki gefið sig fram til að gera leigusamning um hana.

6. Ólafur Auðunsson, Lindarg. 34, sækir um lóð á leigu eða til kaups til að byggja á íbúðarhús í haust. Út af því var borgarstjóra falið að skrifa Samúel Kristbjarnarsyni, Laugaveg 69, til að fá vissu um, hvort hann sje hættur við kaup á lóðinni nr. 6 við Þórsgötu, og sje svo, þá vill nefndin selja Ólafi Auðunssyni þá lóð.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Sig. Thoroddsen. Þórður Bjarnason.

---

Ár 1920 hinn 28. sept. hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Önundur Jósepsson, Brúarenda, sækir um leigulóð við Fálkagötu norðanverða, nefndin leggur til að honum verði leigð lóð nr. 26 við þá götu c. 13 m. með götu.

2. Vigfús Jónsson Laufásveg 43, sækir um leigulóð. Nefndin leggur til að honum verði leigð lóð nr. 20 við Fálkagötu, 17 metra með götu 16 metra djúp. Sjeu báðar þessar lóðir leigðar með venjulegum skilmálum til 75 ára enda byggi þeir báðir í haust.

3. Upplýst var á fundinum að Samúel Kristbjarnarsyni hafi verið skrifað um að gjöra samning um nr. 6 við Þórsgötu, en þar hann hefir ekki gefið sig fram leggur nefndin til að selja Ólafi Auðunssyni þá lóð sbr. síðustu fundargjörð.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Thoroddsen.

Sig. Jónsson. Þórður Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. liður fundarg. 21. sept. feldur á bæjarstj.fundi 7. okt 1920.
Fundargerðirnar að öðru leyti samþyktar óbreyttar.

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 13. október, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra .

Þetta gerðist:

1. Óskar Gíslason í Tungu sækir um leigulóð neðanvert við Laugaveg hjá Tungu til þess að byggja þar á gripahús. Nefndin felur bæjarverkfræðing að tala við beiðanda, og frestar málinu að öðru leyti.

(2. Tilkynt að Egill Jónsson hafi afsalað sjer leigulóð nr. 6 við Bergþórugötu.)

(3. Sömuleiðis tilkynt að Jón Steinason hafi afsalað sjer leigulóð nr. 15 við Bergþórugötu.)

(4. Guðm. Ögmundsson, Fálkag. 11, sækir um byggingarlóð til kaups eða leigu norðanvert við Nönnugötu eða Freyjugötu. Með því að allar lóðir við þessar götur eru lofaðar, getur nefndin ekki orðið við beiðninni.)

(5. Júlíus Sveinsson sækir um byggingarlóð við Rauðarárstíg til kaups eða á leigu. Nefndin vill ekki veita lóðir til íbúðarhúsabygginga á þessum stað, en bendir á, að lóðin nr. 6 við Bergþórugötu er laus til leigu, og leggur til að beiðanda sje leigð hún, ef hann byggir á henni nú þegar.)

(6. Guðm. Guðmundsson, Hrísakoti, sækir um leyfi til að byggja sjer íbúðarskýli á erfðafestulandi sínu, Kaplaskjólsbletti. Nefndin leggur til að honum sje leyft þetta að áskildu samþykki byggingarnefndar og bæjarstjórnar.)

(7. Magnús Bjarnason bifreiðarstjóri sækir um leyfi til að setja niður bráðabirgða-bifreiðarskýli á lóð bæjarins sunnanvert við nr. 15 við Bræðraborgarstíg. Nefndin leggur til að honum sje leigð lóðarspilda sú, sem bærinn á á þessum stað, og sem ætluð er undir götu; spildan er 180 ferm. að stærð, og vill nefndin að ársleiga fyrir hana sje ákveðin 100 krónur og uppsagnarfrestur 3 mánuðir. En að því er byggingu skýlis á lóðinni snertir, vísast til úrskurðar byggingarnefndar.)

(8. Framlagt mat lóðamatsnefndar á lóðaspildum, sem taka þarf af lóðunum nr. 10 og 13 við Laufásveg til breikkunar Laufásvegi og Skálholtsstíg. Spildur þessar eru 68,2 ferm. (af nr. 10) og 51,3 ferm(af nr. 13) og eru þær metnar á 14 kr. (hin fyrnefnda) og 13 kr. (hin síðarnefnda). Nefndin leggur til að unað sje við matið.)

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Sig. Thoroddsen. Þórður Bjarnason.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 21. okt. 1920.

[signature]

Bæjarverkfræðingnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 19. oktbr., hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ágúst Jóhannesson sækir um að fá leigða lóðina nr. 15 við Bergþórugötu í stað nr. 10 við sömu götu, sem honum hafði verið lofuð og leggur nefndin til að þetta sje veitt.

(3. Markús Jónsson, Bjargarst. 3, sækir um leigulóð nr. 10 við Bergþórugötu til þess að byggja á henni íbúðarhús nú þegar. Nefndin leggur til að honum sje veitt hún, en vill að leigusamningur sje ekki gerður, fyr enn hann hefir staðið skil á skuld þeirri, sem hann er í við Bæjarsjóð síðan 1918, kr. 1000.oo, er hann fekk til að innrjetta íbúð í kjallara hússins nr. 3 við Bjargarstíg.)

(3. Guðmundur Guðmundsson, Vitastíg 16, sækir um leigulóð. Lagt til að hann fái á leigu lóðina nr. 9 við Bergþórugötu.)

(4. Sigurður Kristjánsson, Vesturg. 59, sækir um leigulóð hjá Ívarsseli eða við Sjávarborg á Bráðræðisholti. Nefndin vill ekki veita þessar lóðir á leigu að svo stöddu, en gerir ráð fyrir, að við framhald Vesturgötu, sem nú verður farið að leggja, verði kostur á lóð undir íbúðarhús, sem mætti leigja honum, ef hann óskar.)

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Sig. Thoroddsen. Þórður Bjarnason.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 21. okt. 1920.

K Zimsen.

Bæjarverkfræðingurinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, hinn 3. nóvbr., hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. H/f. "Kveldúlfur" sækir um leyfi til grjóttöku í ~~Skólavörðuholti~~ Rauðarárholti fyrir innan Fjölnislóð, til bryggjugerðar, sem fjelagið hefir sótt um leyfi til hafnarnefndar. Nefndin leggur til að grjóttökuleyfið sje veitt, ef bryggjuleyfið verður sambykt, og sje gjald fyrir grjóttökuleyfið ákveðið 20 aurar fyrir dagsverk hvers verkamanns, sem að upptökunni starfar.
2. Þorsteinn Þ. Ísaksson sækir um að mega selja erfðafestuland sitt í Þvottalaugamýri fyrir 1000 krónur. Nefndin leggur til að forkaupsrjetti sje hafnað.
3. P.J.Thorsteinsson og Hjálmtýr Sigurðsson bjóða forkaupsrjett að erfðafestulandi tilheyrandi eigninni "Undralandi". Hafa þeir keypt eignina fyrir 65 þús. kr.. Nefndin leggur til að forkaupsrjetti sje hafnað.
4. Fyrir tekið erindi Óskars Gíslasonar í Tungu um leigulóð hjá Tungu til að byggja á gripahús. Nefndin leggur til að lóðin sje leigð til þessara afnota ~~eftir~~ eftir nánari útvísun og að því áskildu að byggingarnefnd sambykki byggingu gripahússins. Sje uppsagnarfrestur ákveðinn 6 mánuðir og ársleiga 10 krónur auk lóðargjalds sem fyrir aðrar byggingar. *4. liður feldur í bæjarstj.*
5. Nefndin leggur til að á fjárhagsáætlun 1931 sjeu áætlaðar 15000 krónur til viðhalds og endurbóta á fasteignum kaupstaðarins. Til umsjónar með Elliðaánum og vörslu kaupstaðarlandsins vill hún áætla sömu upphæðir sem á þessu ári.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Sig. Thoroddsen. Þórður Bjarnason.

*Þannig samþ. á fundi bæjarstjórnar 4. nóv. 1930.*

*[signature]*

*Bæjarverkfræðingurinn.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 9. nóvember, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. - Þórður Bjarnason var fjarverandi.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að Ingvar Ísdal gangi inn í leigusamnings Lofts Sigurðssonar um byggingarlóðina nr. 3 við Nönnugötu. Hann (Ísdal) hefir nú bygt hús á lóðinni.

2. Sigurður Kristjánsson, Vesturg.57, sækir um leigulóð á Grímstaðaholti. Lagt til að honum sje leigð lóðin nr. 32 við Fálkagötu, 260 ferm. að stærð.

3. Fyrir tekið erindi Kristjáns V. Guðmundssonar, sem um getur í fundargjörð 15. júní þ.á., um kaup á hjalli hans. Nefndin getur ekki mælt með því, að bæjarsjóður kaupi hjall þennan.

4. Erindi Guðjóns Jónssonar, Grett. 10, um erfðafestuland austur af sundlaugunum leggur nefndin til að synjað sje.

5. Sömuleiðis leggur nefndin til að synjað sje beiðni Páls Erlingssonar um erfðafestuland í Laugamýrinni á sama stað, sem um getur í 4. lið.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Thoroddsen. Sig. Jónsson.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 18. nóv. 1920.

KZimsen.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930 hinn 16. nóvember hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gjörðist á fundinum:

1. Þorbergur Gunnarsson sækir um að fá keypta byggingarlóð norðanvert við Fálkagötu. Þar ákveðið er að leigja allar lóðirnar norðanvert við götuna, sjer nefndin sjer eigi fært að mæla með þeirri beiðni. Hinsvegar mælir nefndin með því að honum verði seld lóð nr. 29, sem er sunnanvert við götuna; Verð sje ákveðið kr. 3.25 fermeterinn, og kaupanda gjört að skyldu að byggja nú þegar á lóðinni. Óski Þorbergur Gunnarsson heldur að fá leigða lóð leggur nefndin til að honum verði leigð lóð nr. 34.

2. Edvard Lindal óskar að fá byggingarlóð fyrir ofan lóð h/f."Ísaga" við Rauðarárstíg. Nefndin vill ekki mæla með að þar verði látnar af hendi byggingarlóðir fyrst um sinn.

3. Guðmundur Guðmundsson afsalar sjer leigulóð nr. 9 við Bergþórugötu.

4. Jakob M. Bjarnason, Frakkastíg 13, býður bæjarstjórn lóð sína við Skólavörðustíg og Njarðargötu í skiftum fyrir byggingarlóð (kvaðarlausa) á hentugum stað t.d. við Þórsgötu. Umrædd lóð Jakobs er sögð ca. 39? ferm. að stærð og fer hún öll undir Njarðargötu og torgið kring um Skólavörðuna. Nefndin felur borgarstjóra að eiga tal við lóðareigandann um áminst skifti.

5. Með því að áskilið var, þá er Sturlu Jónssyni kaupm. var heitið kauparjetti á lóðarspildunni milli Lokastígs, Njarðargötu og Þórsgötu, að hann bygði 3 íbúðarhús á lóð þessari sumarið 1930, en byggingar þessar hafa enn ekki verið reistar, og með því ennfremur að hann (Sturla) hefir ekki gert kaupsamning um tjeða lóð, þá álítur nefndin að hann muni vera fallin frá kaupum á umræddri lóðarspildu.

6. Karvel Friðriksson á Litlaseli hefir falast eftir kaupum á húsinu Jórunnarseli, sem stendur á lóð þeirri, er Karvel fær í skiftum fyrir lóð þá, sem hann lætur undir framlengingu Vesturgötu. Leggur nefndin til að honum sje selt tjeð hús (lóðarlaust) fyrir 3000 krónur, er greiðist straks.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson.

Sig. Thoroddsen. Þórður Bjarnason.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 18. nóv. 1930.

K. Zimsen

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 23. nóv., hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Bjarni Magnússon, Laugav. 66, býður forkaupsrjett að erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti nr. 15 fyrir 20 þús. kr. Í kaupinu mun einnig innifalið landið Norðurmýrarbl. nr. 24. Hið fyrnefnda land er samkv. útvísun 7 1/3 dagsl. að stærð, en hið síðara 0,35 ha. Fyrir landinu nr. 15 er ekkert erfðafestubrjef. Nefndin leggur til að forkaupsrjetti sje hafnað, en að hinn nýji erfðafestuhafi taki erfðafestubrjef fyrir landinu öllu í einni heild (nr. 15 og nr. 24) með 3 ál. gjaldi af dagsláttu, eins og ákveðið var af eldra landinu.

2. Framlögð beiðni Magnúsar Sæmundssonar um kaup á lóð við Þórsgötu, ef losnar.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónsson. Þórður Bjarnason.

Sig. Thoroddsen.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 2. des. 1920.

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930 hinn 14. desember, hjelt fasteignanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. - Fyrir hönd borgarstjóra, sem var veikur, mætti á fundinum Sveinn Sigurðsson.

Þetta gerðist:

1. Jón Einarsson býður forkaupsrjett að erfðafestulandinu Leynimýrarblotti I, sem er ca. 10 dagsl. að stærð, og hann ætlar að selja (ásamt húsinu?) fyrir kr. 42500.oo. Lagt til að forkaupsrjetti sje hafnað.

2. Óskar Gíslason í Tungu ítrekar umsókn sína frá í haust um að fá leigulóð hjá Tungu til að byggja á gripahús. Erindinu var synjað á fundi bæjarstjórnar 4. nóvember. Kringumstæður allar voru þá bæjarstjórninni kunnar og með því að þær eru enn óbreyttar telur nefndin tilgangslaust að taka málið upp að nýju, enda þótt hún sje sömu skoðunar og áður um það.-

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Sveinn Sigurðsson.

Þórður Bjarnason. Sig. Thoroddsen.

Lögð fram á fundi bæjarstj. 16. des. 1930.
Bæjarstj. vísar 1. lið aftur til fasteignan.
og samþykkir till. út af 2. lið þess efnis,
að Ó. fái umbeðið leyfi.

F. h. borgarstjóra
Sveinn Sigurðsson

Bæjarverkfræðingurinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur